

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Þorláksgæisli 2-4.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 12. desember 2014 breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 2-4 við Þorláksgæisla. Í breytingunni felst fækkun bílastæða ásamt leyfi fyrir 15 m² garðskála og lokaðri girðingu 1,80 m á hæð á sameiginlegum lóðarmörkum að leikskóla.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Þórsgata 9.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 12. desember 2014 breytingu á deiliskipulagi Þórsgötureits vegna lóðarinnar nr. 9 við Þórsgötu. Í breytingunni felst að gera kvist og svalir á suðurhlið hússins, endurbyggja bílgeymslu og koma fyrir bílastæði á lóðinni.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 18. desember 2014.

Björn Axelsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 12. janúar 2015